

Fjarðabyggð

Ársreikningur 2022

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Kt. 470698-2099

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 9.443 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 7.560 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 28 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 373 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2022 nam 6.904 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta nam 788 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,48% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark með álagi.

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2022 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 29. mars 2023

Bæjarstjóri:

Jón Björn Hákonarson

Bæjarráð:

Stefán Þór Eysteinnsson
Ragnar Sigurðsson
Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Ársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reyðarfirði, 27. apríl 2023

Bæjarstjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjarðabyggðar fyrir árið 2022 sem hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð sveitarfélaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á fundi bæjarstjórnar á árinu 1998 og höfum verið endurskoðendur sveitarfélagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Það er okkar niðurstaða að það eru engir lykilþættir til að upplýsa um í áritun okkar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn og bæjarráð að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Magnús Jónsson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reyðarfirði, 27. apríl 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur	Áætlun 2022	*Endurgert	Ársreikningur	Áætlun 2022	*Endurgert
		2022	með viðaukum	Ársreikningur 2021	2022	með viðaukum	Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur							
Útsvar og fasteignaskattur	4	5.165.725	4.899.561	4.708.529	5.153.281	4.882.261	4.692.596
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	1.173.865	1.093.716	1.110.606	1.173.865	1.093.716	1.110.606
Aðrar tekjur	4	1.220.844	1.127.788	996.590	3.116.341	3.011.402	3.105.450
		<u>7.560.433</u>	<u>7.121.066</u>	<u>6.815.725</u>	<u>9.443.487</u>	<u>8.987.379</u>	<u>8.908.653</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	4.642.603	4.622.061	4.231.942	5.015.762	4.986.263	4.798.684
Lífeyrisskuldbinding, breyting	15	383.104	174.841	533.443	387.049	178.954	560.712
Annar rekstrarkostnaður		2.163.505	1.908.067	1.888.251	2.795.671	2.472.998	2.314.373
		<u>7.189.212</u>	<u>6.704.969</u>	<u>6.653.636</u>	<u>8.198.482</u>	<u>7.638.215</u>	<u>7.673.769</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		371.221	416.097	162.089	1.245.005	1.349.164	1.234.883
Afskriftir og virðisrýrnun	8	(290.813)	(310.844)	(291.054)	(619.251)	(641.039)	(623.467)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		80.408	105.253	(128.965)	625.754	708.124	611.416
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(453.755)	(189.428)	(306.005)	(602.795)	(210.216)	(377.660)
Hlutdeild í hlutdeildarfélögum	9	0	0	0	9.860	0	5.548
Tekjuskattur	10	0	0	0	(4.347)	0	(14.237)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	14	(373.346)	(84.175)	(434.970)	28.473	497.908	225.068

*-sjá skýringu 3s

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
		*Endurgert		*Endurgert	
Skýr.	2022	2021	2022	2021	
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	8	8.797.840	8.068.527	8.972.429	8.246.338
Veitur, hafnir og gatnakerfi	8	603.626	636.317	6.520.670	6.206.472
Vélar, áhöld og tæki	8	123.216	144.848	176.147	192.722
Leigðar eignir	8	22.749	34.536	29.317	43.904
		<u>9.547.432</u>	<u>8.884.227</u>	<u>15.698.563</u>	<u>14.689.436</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	606.000	531.893	726.211	642.244
Tekjuskattseign	11	0	0	16.679	13.392
Langtímakröfur	12	73	4.948	73	4.948
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	234.469	245.114	270.975	283.277
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12	178.243	182.311	0	0
		<u>1.018.785</u>	<u>964.264</u>	<u>1.013.939</u>	<u>943.861</u>
Fastafjármunir		<u>10.566.217</u>	<u>9.848.491</u>	<u>16.712.502</u>	<u>15.633.296</u>
Veltufjármunir					
Birgðir		0	0	16.650	16.650
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	14	706.484	486.149	928.655	745.417
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		268.499	162.847	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	12	21.090	18.415	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	12	42	730	42	730
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	10.645	10.645	12.302	12.302
Aðrar skammtímakröfur		67.797	118.647	67.892	119.408
Handbært fé	31	129.902	292.721	130.338	295.977
Veltufjármunir		<u>1.204.458</u>	<u>1.090.154</u>	<u>1.155.879</u>	<u>1.190.484</u>
Eignir samtals		<u>11.770.675</u>	<u>10.938.645</u>	<u>17.868.380</u>	<u>16.823.781</u>

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2022	*Endurgert 2021	2022	*Endurgert 2021	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	15	787.924	814.946	6.903.796	6.529.000
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	16	3.321.691	3.142.949	3.493.050	3.315.340
Aðrar skuldbindingar	17	16.502	0	16.502	0
		3.338.192	3.142.949	3.509.552	3.315.340
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	18	3.853.029	3.647.198	5.266.170	5.097.339
Leiguskuldir	19	27.095	30.736	27.095	31.655
Fyrirframinnheimtar tekjur	20	133.868	0	133.868	0
		4.013.992	3.677.934	5.427.133	5.128.994
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	18	205.843	0	205.843	0
Skuldir við eigin fyrirtæki		1.784.402	1.705.377	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	399.818	385.461	538.040	588.114
Næsta árs afborganir leiguskulda	19	6.528	13.603	7.533	18.973
Næsta árs innl. fyrirframinnheimtra tekna	20	53.034	27.729	53.034	27.729
Aðrar skammtímaskuldir		1.180.940	1.170.645	1.223.449	1.215.630
		3.630.566	3.302.815	2.027.899	1.850.446
Skuldir og skuldbindingar samtals		10.982.751	10.123.698	10.964.584	10.294.781
Eigið fé og skuldir samtals		11.770.675	10.938.645	17.868.380	16.823.781

Ábyrgðir og skuldbindingar utan
efnahagsreiknings

22

*-sjá skýringu 3s

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	A hluti			A og B hluti			
	Skýr.	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	*Endurgert Ársreikningur 2021
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	15	(373.346)	(84.175)	(434.970)	28.473	497.176	225.068
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir og virðisrýrnun	8	290.813	310.550	291.054	619.251	640.746	623.467
Verðbætur		248.438	39.150	14.567	362.426	72.163	87.728
Tap (hagnaður) af sölu rekstrarfjármuna		3.007	3.100	5.557	(90.368)	3.100	(158.817)
Niðurfærsla eignarhluta		(44.222)	0	0	0	0	0
Hlutdeild í hlutdeildarfélagum		0	0	0	(9.860)	0	(5.548)
Framlög eigin fyrirtækja		0	0	0	0	39.000	0
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	379.591	175.000	530.273	383.537	181.946	557.543
Tekjuskattur, breyting		0	0	0	(3.287)	0	(3.325)
Veltufé frá rekstri		504.282	443.625	406.482	1.290.171	1.434.131	1.326.116
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	13	10.645	0	10.645	12.302	0	12.302
Birgðir, breyting		0	0	0	0	0	(6.819)
Óinnheimtar tekjur, breyting		(220.335)	0	104.326	(129.364)	0	75.481
Aðrar skammtímakröfur, breyting		50.850	0	(15.049)	51.516	0	2.949
Skammtímaskuldir, breyting		10.823	0	11.938	(45.527)	0	(43.317)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		25.305	0	0	25.305	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	16	(200.850)	(191.372)	(118.565)	(206.355)	(198.087)	(123.135)
Samtals		(323.562)	(191.372)	(6.705)	(292.123)	(198.087)	(82.540)
Handbært fé frá rekstri		180.720	252.253	399.779	998.048	1.236.044	1.243.576
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8	(685.160)	(541.500)	(590.682)	(1.353.247)	(1.141.000)	(1.210.917)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		133.868	0	0	133.868	0	0
Söluverð rekstrarfjármuna		25.360	22.000	0	25.360	22.000	4.500
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði		0	0	0	(29.639)	(61.000)	(38.856)
Söluverð íbúðarhúsnæðis		0	0	0	116.741	0	302.031
Gatnagerðagjöld		49.098	30.000	76.650	49.098	30.000	76.650
Eignarhlutir í félögum, breyting		(74.108)	0	(62.435)	(74.108)	0	(55.066)
Langtímakröfur, breyting		5.563	11.657	469	5.563	13.184	469
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....		19.284	16.119	17.109	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(526.093)	(461.724)	(558.889)	(1.126.362)	(1.136.816)	(921.189)
Fjármögnunarhreyfingar							
Skuldir við lánastofnanir, breyting		205.843	0	0	205.843	0	(7.249)
Framlög eigin fyrirtækja		43.694	0	0	(0)	(39.000)	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting		(26.626)	124.888	89.969	0	0	0
Tekin ný langtímalán	18	354.915	330.000	462.600	354.915	330.000	462.600
Afborganir langtímalána	18	(399.282)	(421.511)	(361.567)	(597.163)	(560.931)	(755.829)
Afborganir leiguskulda	19	(12.492)	(7.397)	(11.391)	(17.422)	(12.789)	(15.887)
Aðrar skuldbindingar, breyting	17	16.502	0	(5.000)	16.502	0	(5.000)
Fjármögnunarhreyfingar		182.554	25.980	174.610	(37.325)	(282.720)	(321.365)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(162.819)	(183.491)	15.499	(165.640)	(183.492)	1.021
Handbært fé í ársbyrjun		292.721	195.015	277.223	295.978	195.015	294.956
Handbært fé í árslok		129.902	11.524	292.721	130.338	11.523	295.978

*-sjá skýringu 3s

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Fjarðabyggð er sveitarfélag á Austurlandi og var fjöldi íbúa þess 5.258 1. desember 2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtæðuársreikningur Fjarðabyggðar fyrir árið 2022 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til samræmis við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 eru byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikningi sveitarfélagsins er þessi ábyrgðarhlutdeild skilgreind sem hludeild í samstarfsverkefnum og er gert grein fyrir þeim í skýringu 10.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Eignarhaldsfélagið Hraun ehf. auk hlutdeildar sveitarfélagsins í samstarfsverkefnum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Fjarðabyggðar, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Fjarðabyggðarhafnir, Hjúkrunarheimili Fjarðabyggðar (Hulduhlíð og Uppsalar) og Sorpmiðstöð.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, að öðru leyti en gert er grein fyrir í skýringu 3s um breytingar á reikningsskilaaðferðum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga, samstarfsverkefna og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gagnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsejanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðra eigna telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir	25-50 ár
Hafnarmannvirki	25 ár
Veitukerfi	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Vélar, áhöld og tæki	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir	15-25 ár
------------------	----------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

Hlutdeildarfélög eru þau félög sem sveitarfélagið hefur veruleg áhrif á en ekki yfirráð. Veruleg áhrif teljast almennt vera til staðar þegar sveitarfélagið hefur yfir 20% atkvæðahlut í viðkomandi félagi. Hlutdeildarfélög eru færð samkvæmt hlutdeildaraðferð í samanteknum reikningsskilum A og B hluta. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfum skatttekna og því er ekki færð hlutdeild í afkomu félaganna og því eru hlutdeildarfélög A hluta færð á kostnaðarverði í A hluta.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

h. Tekjuskattseign

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun á skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn þessara fyrirtækja er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Útreikningur á tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstími.

Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð að því marki sem talið er að það nýtist.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

j. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjör A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

k. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

l. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

m. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

n. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2022. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 15. Áætlaðar næsta árgreiðslur sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

q. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 20.

r. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 25.

s. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu reglugerðabreytingu nr. 230/2021 á 20. gr. reglugerðar 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðasamalaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Í breytingunni fólst að sveitarfélagið færir nú hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara aðila til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína. Áhrif þessa voru þau að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna sem talin eru upp í skýringu 10 í A hluta. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis sjá áhrif þessa á samanburðarfjárhæðum ársins 2021 í skýringu 27.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Útsvar og fasteignaskattar:						
Útsvar	4.207.063	3.936.214	3.805.792	4.207.063	3.936.214	3.805.792
Fasteignaskattur	856.780	861.506	807.692	844.336	844.206	791.759
Lóðarleiga	101.883	101.841	95.045	101.883	101.841	95.045
	5.165.725	4.899.561	4.708.529	5.153.281	4.882.261	4.692.596
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag	341.666	274.258	265.166	341.666	274.258	265.166
Útgjaldajöfnunarframlag.....	161.736	220.244	229.448	161.736	220.244	229.448
Framlög vegna fræðslumála.....	460.514	429.679	430.599	460.514	429.679	430.599
Vegna málefna fatlaðs fólks.....	139.424	99.010	114.869	139.424	99.010	114.869
Framlög til sameiningarverkefna.	70.525	70.525	70.525	70.525	70.525	70.525
	1.173.865	1.093.716	1.110.606	1.173.865	1.093.716	1.110.606
Skatttekjur samtals.....	6.339.589	5.993.277	5.819.135	6.327.146	5.975.977	5.803.203
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	1.220.844	1.127.788	996.590	3.116.341	3.011.402	3.105.450
Rekstrartekjur samtals	7.560.433	7.121.066	6.815.725	9.443.487	8.987.379	8.908.653

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Laun	3.716.641	3.713.993	3.394.057	4.017.593	4.008.188	3.841.816
Launatengd gjöld	869.452	859.197	788.301	937.784	925.232	900.031
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	10.554	10.554	10.554	12.211	12.211	12.211
Annar starfsmannakostnaður.....	45.957	38.316	39.029	48.174	40.632	44.625
Laun og launatengd gjöld samtals	4.642.603	4.622.061	4.231.942	5.015.762	4.986.263	4.798.684

	2022	2021
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	564	545
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	423	402
Ársverk.....	436	448
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	74.053	89.663

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Vaxtatekjur og verðbætur	7.236	23.526	16.250	9.256	23.826	14.476
Arður af eignarhlutum.....	4.221	20.480	6.311	4.221	20.480	6.311
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(316.547)	(31.044)	(154.047)	(616.271)	(254.522)	(398.855)
Vextir frá eigin fyrirtækjum	(192.886)	(202.390)	(174.519)	(0)	(0)	0
Niðurfærsla eignarhluta bakfærð.	44.222	0	0	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	(453.755)	(189.428)	(306.005)	(602.794)	(210.216)	(378.068)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	6.470.160	6.118.803	5.935.732
Félagsþjónusta	(773.530)	(746.441)	(837.588)
Heilbrigðismál	(2.722)	(2.428)	(2.625)
Fræðslu- og uppeldismál	(3.475.917)	(3.437.846)	(3.178.251)
Menningarmál	(295.232)	(283.630)	(248.661)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.009.160)	(971.847)	(957.412)
Brunamál og almannavarnir	(254.363)	(252.278)	(256.190)
Hreinlætismál	(5.612)	(9.317)	(6.327)
Skipulags- og byggingarmál	(41.891)	(55.653)	(40.891)
Umferðar- og samgöngumál	(400.004)	(331.021)	(317.392)
Umhverfismál	(249.297)	(241.609)	(265.377)
Atvinnumál	(46.437)	(46.195)	(15.333)
Sameiginlegur kostnaður	(305.022)	(349.875)	(291.197)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlag vegna A deildar Brúar	(377.666)	(174.841)	(520.293)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(16.607)	6.630	5.022
Aðalsjóður samtals	(783.300)	(777.548)	(996.783)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	322.752	580.529	466.886
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf	81.597	112.732	92.028
Samband sveitarfélaga á Austurlandi bs.	5.080	112	2.375
Innri færslur	524	0	524
A hluti samtals	(373.346)	(84.175)	(434.970)
B hluta fyrirtæki:			
Hitaveita Fjarðabyggðar	7.213	43.843	23.627
Fráveita	6.094	28.976	8.462
Vatnsveita	71.380	59.790	85.164
Fjarðarbyggðarhafnir	346.323	501.376	361.785
Félagslegar íbúðir	91.153	(2.840)	209.472
Hjúkrunarheimili	(3.594)	(3.745)	65.044
Sorpmiðstöð	(85.327)	(45.317)	(82.358)
Innri færslur	(31.424)	0	(11.159)
A og B hluti	28.473	497.908	225.068

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A hluti:					
Heildarverð 1.1.2022.....	12.182.681	1.119.122	457.453	199.363	13.958.620
Endurmat lóða og lendna	346.324	0	0	0	346.324
Keypt á árinu	617.138	11.961	6.962	0	636.061
Selt á árinu	(96.842)	0	(15.669)	0	(112.511)
Heildarverð 31.12.2022.....	13.049.301	1.131.084	448.746	199.363	14.828.494
Afskrifað 1.1.2022.....	(4.114.155)	(482.805)	(312.605)	(164.827)	(5.074.393)
Afskrift færð út	71.704	0	12.440	0	84.144
Afskrifað á árinu	(209.010)	(44.652)	(25.364)	(11.787)	(290.813)
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	(4.251.461)	(527.457)	(325.530)	(176.614)	(5.281.062)
Bókfært verð 1.1.2022.....	8.068.526	636.317	144.847	34.536	8.884.227
Bókfært verð 31.12.2022.....	8.797.840	603.626	123.216	22.749	9.547.432
Afskriftarhlutföll.....	0-4%	4%	0-20%	4-20%	
	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Leigðar eignir	Samtals
A og B hluti:					
Heildarverð 1.1.2022.....	12.764.102	11.550.400	531.791	266.728	25.113.022
Endurmat lóða og lendna	346.324	0	0	0	346.324
Keypt á árinu	644.082	667.925	21.780	0	1.333.787
Selt á árinu	(163.964)	0	(16.915)	0	(180.879)
Heildarverð 31.12.2022.....	13.590.544	12.218.325	536.656	266.728	26.612.254
Afskrifað 1.1.2022.....	(4.517.765)	(5.343.929)	(339.068)	(222.825)	(10.423.587)
Afskrift færð út	115.585	0	13.561	0	129.146
Afskrifað á árinu	(215.936)	(353.726)	(35.002)	(14.587)	(619.251)
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	(4.618.115)	(5.697.655)	(360.510)	(237.412)	(10.913.692)
Bókfært verð 1.1.2022.....	8.246.337	6.206.472	192.722	43.904	14.689.436
Bókfært verð 31.12.2022.....	8.972.429	6.520.670	176.146	29.317	15.698.563
Afskriftarhlutföll	0-4%	4%	0-20%	4-20%	

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Mismunur við áætlun
A hluti:			
Fasteignir og önnur mannvirki			
Leikskólinn Dalborg.....	104.184	103.000	1.184
Íþróttahús Reyðarfirði - nýbygging.....	215.717	150.000	65.717
Gamla Lúðvíkshúsið - endurbygging.....	37.448	25.000	12.448
Neskskóli.....	103.836	101.000	2.836
Sundlaugin Eskifirði.....	38.481	37.000	1.481
Hlíðargata 62 - Uppsafir, flutt frá B hluta.....	38.952	0	38.952
Búðareyri 2 bæjarskrifstofa.....	32.205	30.000	2.205
Sæberg 3 - Borkjarnasafnið.....	20.437	12.000	8.437
Leikvellir.....	9.993	10.000	(7)
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað	19.015	5.000	14.015
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað styrkur.....	(13.411)	0	(13.411)
Ofanflóðavarnir á Eskifirði	34.545	15.000	19.545
Ofanflóðavarnir á Eskifirði styrkur.....	(24.365)	0	(24.365)
Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði	347	0	347
Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði styrkur.....	(245)	0	(245)
Tækjamiðstöðin	6.962	8.500	(1.538)
	<u>624.100</u>	<u>496.500</u>	<u>127.600</u>
Göngu og hjólastígar	11.226	15.000	(3.774)
Gatnaframkvæmdir Neskaupstað	15.068	15.000	68
Gatnaframkvæmdir Eskifirði	(839)	0	(839)
Gatnaframkvæmdir Reyðarfirði	6.092	0	6.092
Gatnaframkvæmdir Breiðdalsvík	29.513	15.000	14.513
Gatnagerðargjöld.....	(49.098)	(30.000)	(19.098)
	<u>11.961</u>	<u>15.000</u>	<u>(3.039)</u>
A hluti samtals	<u>636.061</u>	<u>511.500</u>	<u>124.561</u>
B hluti:			
Hitaveita Fjarðabyggðar	10.003	10.000	3
Fráveita	9.791	5.000	4.791
Vatnsveita	89.558	80.000	9.558
Fjarðabyggðahafnir	587.767	500.000	87.767
Félagslegar íbúðir	29.639	61.000	(31.361)
Sorpmiðstöð	9.920	4.500	5.420
B hluti samtals	<u>736.678</u>	<u>660.500</u>	<u>76.178</u>
Innri millifærslur.....	(38.952)	0	(38.952)
Samtals A og B hluti	<u>1.333.787</u>	<u>1.172.000</u>	<u>161.787</u>

c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og vátryggingaverðmæti rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2022:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna	23.550.287	25.373.022
Fasteignamat	7.185.550	7.941.441
Vátryggingaverðmæti lausafjármuna	1.567.499	1.869.805
Vátryggingaverðmæti skíðasvæðis	188.164	188.164
Vátryggingaverðmæti hafna	0	15.912.558
Vátryggingaverðmæti veitumannvirkja	0	5.073.293

Skýringar, frh.:

